

Bæjarstjórn - 1900

FUNDARBOÐ

**1900. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 7.
desember 2022 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

- 1. 22091114 - Ráðning æðstu stjórnenda skv.56. gr.sveitarstjórnarlaga nr. 138 2011 og 80. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 240 2021**

Til afgreiðslu.

- 2. 2206137 - Ásland 4, úthlutun**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.nóvember sl.
Teknar fyrir umsóknir um lóðir í Áslandi 4.

Lögð fram tilboð í lóðin. Alls bárust 10 tilboð

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 31-39. Alls bárust 53 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn OFG verk ehf.

Til vara er dregin út umsókn Vesturvík ehf. Til þrautavara er dregin út umsókn frá Undir Jökli ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 50-58. Alls bárust 59 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Þarfapíng hf.

Til vara er dregin út umsókn Belgur ehf. Til þrautavara er dregin út umsókn BF verk ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 90-96. Alls bárust 55 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Hamraberg byggingarfélag ehf.

Til vara er dregin út umsókn Hörðuból ehf. Til þrautavara er dregin út umsókn Fjarðarmóts ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 98-104. Alls bárust 45 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Almannakórs ehf.

Til vara er dregin út umsókn H20 ehf. Til þrautavara er dregin GGP ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 32-38. Alls bárust 62 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Orrmúr ehf.

Til vara er dregin út 22. júní ehf. Til þrautavara er dregin Hádegishorn ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 68-74. Alls bárust 59 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn KB verk ehf.

Til vara er dregin 22. júní ehf. Til þrautavara Skjólbraut 11 ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 76-82. Alls bárust 59 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn HHV ehf.

Til vara er dregin Hugmyndaríkur ehf. Til þrautavara B28 fasteignir ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 60-66. Alls bárust 61 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn H.G og hinir ehf.

Til vara er dregin SSG verktakar ehf. Til þrautavara er dregin Dona ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 112-118. Alls bárust 48 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Gæðabygg sf.

Til vara er dregin AG framkvæmdir ehf. Til þrautavara er dregin Verkstjórn ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 84-88. Alls bárust 55 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Leiguafli hf.

Til vara er dregin Administrative Restructure Corpor ehf. Til þrautavara er dregin Do fish ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 25-29. Alls bárust 47 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn A7 ehf.

Til vara er dregin Do fish ehf. Til þrautavara er dregin LB1 ehf.

Lagðar fram umsóknir um lóðina Axlarás 106-110. Alls bárust 43 gildar umsóknir og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn AG framkvæmdir ehf.

Til vara BF verk ehf. Til þrautavara Viðja ehf.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðum verði úthlutað í samræmi við framangreindan útdrátt.

3. 22111195 - Gaflaraleikhúsið, samstarfssamningur 2023-2025

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.desember sl.

2.liður úr fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 23.nóv. sl.

Lögð fram drög að samstarfssamningi við Gaflaraleikhúsið.

Menningar- og ferðamálanefnd samþykkir drög að samningi og vísar til bæjarráðs til samþykktar.

Sigurjón Ólafsson og Andri Ómarsson mæta til fundarins undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir samninginn og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2109732 - Umdæmisráð barnaverndar

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.desember sl.

Lagt fram erindi frá SSH um umdæmisráð barnaverndar ásamt drögum að samningi um rekstur umdæmisráðs, viðauka við samninginn sem og tillögu um ráðsmenn.

Til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að samningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum, ásamt viðauka við samninginn og tillögu um ráðsmenn. Jafnframt samþykkir bæjarráð að veita Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra ótakmarkað umboð til undirritunar á framangreindum samningi ásamt viðauka sem og skipunarbréfum ráðsmanna. Framangreindri afgreiðslu er vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 22111267 - Brú lífeyrissjóður, réttindasafn eftirlaunasjóðs, endurgreiðsluhlutfall

5.liður úr fundargerð bæjarráðs 1.desember sl.

Lagt fram bréf frá Brú lífeyrissjóður, dags. 24.nóv. sl. varðandi endurgreiðsluhlutfall.

Guðmundur Sverrisson staðgengill sviðsstjóra fjármálasviðs mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir tillögu frá Brú lífeyrissjóði varðandi endurgreiðsluhlutfall og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2206222 - Reykjanesbraut tvöföldun, Krýsuvíkurvegur Hvassahraun, samningur

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.desember sl.

9.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.nóvember sl.

Lagður fram samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar varðandi tvöföldun Reykjanesbrautar milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns.

Lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagðan samning og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2204323 - Suðurgata 44, deiliskipulags breyting

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.desember sl.

Lagt fram svar skipulagsfulltrúa vegna framkominna athugasemda.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á deiliskipulagi suðurbæjar, vegna þróunarsvæðis við Suðurgötu 44, framkvæmdum skal vera lokið innan 5 ára skv. 6. mgr. 37. greinar skipulagslaga og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

8. 2206043 - Snókalönd, nýtt deiliskipulag

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.desember sl.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Snókalanda við Bláfjallaveg.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulag Snókalanda og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

9. 2210572 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting, færsla Hamraneslína I og II

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.desember sl.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 26.10.2022 að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna lagningu Hamraneslínu 1 og 2 í jörð. Skipulags- og matslýsing lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa og leita umsagna vegna skipulags- og matslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

10. 2209009 - Dalshraun 7 og 9b, sameina lóðir

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.desember sl. Strendingur ehf. fh. lóðarhafa sækir 1.9.2022 um breytingu á deiliskipulagi vegna sameiningu lóða við Dalshraun 7 og 9B. Tillagan gerir ráð fyrir að kvöð um gangstíg milli lóða verði aflétt og byggingar tengdar saman með nettri tengibyggingu upp á tvær hæðir. Nýr byggingarreitur fyrir tengibyggingu nær á milli bygginga nr. 7 og 9B og verður 7,15m breiður og 15 metra langur, samtals 107,25m². Hámarkshæð tengibyggingar 7,25m. Nýtingarhlutfall lóðar verður N=0.76.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar vegna sameiningu lóða Dalshrauns 7 og 9b og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

Fundargerðir

11. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 30. nóvember sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 30.nóvember sl.
a. Fundargerð íþrótt- og tómsfundanefndar frá 22.nóvember sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 29.nóvember sl.
Fundargerðir bæjarráðs frá 22.nóvember og 1.desember sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16.nóvember sl.

- b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 28.nóvember sl.
 - c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 23.nóvember sl.
 - d. Fundargerð stjórnar orkusveitarfélaga frá 11.nóvember sl.
 - e. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga frá 11.nóvember sl.
 - f. Fundargerð 40.fundar eigendafundar Sorpu bs. frá 21.nóvember sl.
 - g. Fundargerð aðalfundar SSH frá 18.nóvember sl.
 - h. Fundargerð ársfundar byggðasamlaganna frá 18.nóvember sl.
 - i. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 18.nóvember sl.
 - í. Fundargerð 40. fundar eigendafundar Strætó bs. frá 21.nóvember sl.
- Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.desember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 5.desember sl.

Áætlanir og ársreikningar

12. 2208659 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2023 og 2024-2026, síðari umræða.

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.desember sl.
Tekið fyrir breytingar milli umræðna.
Guðmundur Sverrisson staðgengill sviðsstjóra fjármálasviðs mætir til fundarins.

11.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 9.nóvember sl.

Til máls taka Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Ingi Hákonarson og Valdimar Víðisson.

Þá tekur Jón Ingi Hákonarson til máls og leggur fram eftirfarandi tillögur að viðbótum við fjárhagsáætlun:

Tillögur Viðreisnar vegna fjárhagsáætlunar 2023

Hlutfall tómstunda og félagsmálafræðinga verði aukið í skólum og félagsmiðstöðvum

Hækka tómstundastyrkinn sem nemur verðlagsþróun

Stilla hækkun leikskólagjalda í hóf þar sem helstu kostnaðarliðir við rekstur leikskóla hafa ekki hækkað sem nemur verðbólgu. Laun hafa ekki hækkað, innri húsaleiga er bókhaldslegur kostnaður og hiti og rafmagn hefur ekki hækkað mikið. Viðreisn leggur til 4,5% hækkun á leikskólagjöldum til að byrja með. Endurskoða má það næsta vor eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir.

Fulltrúi Viðreisnar vill að Hafnarfjarðarbær verði í fararbroddi þegar kemur að menningu og listsköpun. Í bænum er algjört aðstöðuleysi fyrir menningu og listsköpun. Styrkja þarf mun betur undir menningar-tómstundir. Listsköpun, tónlist og fleira. Ein af tillögum ungmennaráðs Hafnarfjarðar árið 2021 var að bæta þurfi "Bæta þarf aðgengi 12 til 16 ára ungmenna í Hafnarfirði að myndlistanámi. Þessi ósk hefur komið ítrekað fram í fræðsluráði síðustu ár og verður háværingu með árunum. Fulltrúi Viðreisnar leggur til inn í fjárhagsáætlun að fé verði forgangsraðað til þess að endurskoða Starfsemi Músík og Mótors í þeirri mynd sem hún er í dag, starfsemin fái aukinn styrk til þess að víkka út og bjóða upp á fjölbreyttari skapandi greinar.

Viðreisn leggur til að fjármagni verði forgangsraðað í það að fjölga stöðugildum innan skólanna til að styðja við skólustarfið, horft sé til þess að bæta inn fagmenntuðum iðju- og þroskaþjálfum, talmeinafræðingum sem og sálfræðingum

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að börn frá 5 ára aldri hafi heimild til þess að nýta sér frístundastyrkinn.

Viðreisn leggur til að útvíkkaður verði frístundaakstur bæjarins til eldri aldurshópa, unglinga 18 ára og yngri með niðurgreiðslu á árskortum í strætó. Það er bæði ávinningur fyrir strætó sem ýtir undir að framtíðarkynslóðir nýti sér almenningsamgöngur á fullorðinsárum.

Fulltrú Viðreisnar leggur til að lengdur verði enn frekar opnunartími sundlauga og bókasafnsins.

Viðreisn leggur til að fé verði forgangsraðað til að straumlínulaga og einfalda vinnu hjá skipulagssviði með það að markmiði að stytta afgreiðslutíma erinda sem þangað berast.

Viðreisn leggur til að meira fé verði forgangsraðað til göngu og hjólastíga

Viðreisn leggur til að forgangsraða meira fé til viðhalds skólahúsnæðis.

Fulltrúi Viðreisnar setur spurningamerki við þá aðferðafræði við lækkun fasteignagjalda þar sem hlutfall fasteignaskatts verður óbreytt en fráveitu og vatnsgjald verður lækkað þannig að heildarhækkun verði 9,5%. Þar sem gjöld b ? hlutfyrirtækja eiga að standa undir veitta þjónustu auk fjárfestinga má gera ráð fyrir því að verið sé að rukka of lágt verð fyrir veitta þjónustu og þar með niðurgreiða skattalækkun. Fulltrúi Viðreisnar óskar eftir því að lagt verði fram lögfræðiálit sem staðfesti lögmæti þessarar leiðar.

Forseti leggur næst til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ásamt framlögðum tillögum að viðbótum verði vísað til þeirra ráða og nefnda sem við á. Er það samþykkt samhljóða.

Einnig leggur forseti til að síðari umræða um fjárhagsáætlun fari fram 7. desember nk.

Lagt fram.

05.12.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri